

Reglur um land til beitar- og ræktunar

Við úthlutun og leigu á beitarlandi og ræktunarlandi (túnum) í eigu Sveitarfélagsins Árborgar gilda eftirfarandi reglur:

Úthlutun

1. Land sem ákveðið er að leigja og laust er til umsóknar skal auglýst á heimasíðu sveitarfélagsins.
2. Umsækjandi skal vera lögráða og eiga lögheimili í sveitarfélaginu.
3. Einungis er unnt að skila inn einni umsókn um frá aðilum með sama lögheimili.
4. Einungis eigendur búfjár geta sótt um beitarland til leigu og skal afrit af árlegri haustskýrslu skv. 10. gr. laga um búfjárhald nr. 38/2013 fylgja umsókn, eða útprentun úr gagnagrunninum Bústofni ef um rafræn skil er að ræða. Þetta á þó ekki við um þá sem sækja um land til ræktunar t.a.m. garðyrkju sem er ótengd búfjárhaldi.
5. Umsækjandi skal gera grein fyrir því hversu mikið land hann hefur til umráða, bæði eignarland og leiguland, innan sveitarfélagsins og utan. Yfirlit úr fasteignaskrá skal fylgja umsókn.
6. Við úthlutun skal umhverfisnefnd meta þörf umsækjanda fyrir leiguland miðað við bústofn og eða áætlaða ræktun og jafnframt það land sem umsækjandi hefur þegar til umráða, ef eitthvað er.
7. Umhverfisnefnd er heimilt að láta umsækjendur sem stunda atvinnustarfsemi sem tengist búfjárhaldi njóta forgangs, enda geti umsækjandi sýnt fram á með skattframtali eða skilagreinum um reiknað endurgjald/launagreiðslur að hann hafi tekjur af starfseminni. Undir þetta geta t.d. fallið rekstur reiðskóla, tanningar, hefðbundinn búskapur og ferðatengd starfsemi, s.s. húsdýragarðar og hestaferðir/hestaleiga.
8. Ef fleiri en ein umsókn er jafngild skal dregið á milli umsókna.
9. Umsókn skal ekki tekin gild ef upplýsingar skv. 4. og 5. lið hafa ekki verið lagðar fram Sé um nýtingu samkvæmt 2. málslíður 4. liðar sé að ræða ber eingöngu að leggja fram upplýsingar skv. 5. lið að öðrum kosti telst umsókn ekki gild.

Leigusamningur

10. Leigusamningar um beitarland skulu gerðir til 5 ára í senn, en samningar um ræktunarland til 3ja ára í senn. Að leigutíma liðnum skal umsækjandi hafa forleigurétt að landinu til jafnlangs tíma og upphaflegur leigutími, óski hann framlengingar. Skal umsækjandi þá leggja fram gögn um búfjárhald og land sem hann hefur til umráða, sbr. 4. og 5. lið reglna þessara þar sem við á. Ekki skal endurnýja samning ef forsendur eru verulega breyttar s.s. ef umsækjandi er hættur búfjárhaldi eða ræktun.
11. Tilgreina skal í leigusamningi hvort land sem samningur tekur til sé beitarland eða ræktað land/land til ræktunar. Í því skyni að koma í veg fyrir að ræktunarland ónýtt skal land (tún) sem leigt er sem ræktað land ekki nýtt til hrossabeitar.

12. Leigugjald skal vera 5% af fasteignamati, auk þess sem leigutaki greiðir fasteignaskatt.
13. Túnnum (ræktuðu landi) skal haldið í ræktun. Endurræktun ræktarlands er heimil á leigutímanum. Leigutaki beitarlands skal gæta þess að ofbeita ekki það land sem hann hefur til leigu.
14. Girðingar leigulands eru á ábyrgð og í eigu leigutaka og skal beitarland girt gripheldri girðingu.
15. Óheimilt er að reisa byggingar á leigulandi. Leigutaki beitarlands þar sem hross eru höfð skal þó tryggja þeim skjól í samræmi við reglur þar að lútandi.
16. Leigutaki sem nýtir hið leigða land til beitar og/eða vörslu dýra skal fara eftir lögum og reglum er varða aðbúnað og fóðrun dýra og dýravernd og ber leigutaki fulla ábyrgð á aðbúnaði dýranna.
17. Leigutaki sem hættir búfjárhaldi skal skila landi sem hann hefur haft á leigu inn til sveitarfélagsins og tilkynna það til skrifstofu mannvirkja- og umhverfissviðs. Leigutaka er óheimilt að framleigja, framselja eða afhenda á nokkurn hátt leigurétt sinn að landinu.
18. Heimilt er umhverfisnefnd að gera samninga við félög búfjáreigenda um afnot af beitarlandi líkt og verið hefur. Slíkum samningum skal fylgja samþykkt viðkomandi félags um skilyrði sem félögin setja félagsmönnum fyrir afnotum af landi.
19. Leigusali lætur þinglýsa leigusamningum og skal leigutaki greiða þinglýsingagjöld.

Samþykkt af bæjarstjórn 17. mars 2021